



-Maurice Peterson, New York: USA


Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fíngerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.



Birgitta Jónsdóttir

Guð

გ'ს'ბ

Beyond Borders - Smákverasafn



Birgitta Jónsdóttir

GUÐ

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara héraendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dag-blöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

Beyond Borders
Smákverasafn #5



Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is

G U Ð

Ákall til frumafla

Ég þeytist upp úr holdi mínu.
Svíf eins og örn
um tímagöt og litla alheima.
Þor mitt engum
takmörkunum háð.
Háski nútíðar hjákátlega
smár og einfaldur.

Ég hrapa úr yfirsýninni
og vakna ein.
Finn háskann anda á mig
römmum andarsögum.

Hleyp út.
Gref mig djúpt í
mosahár móður jarðar.

Styn eins og hrætt barn,
"Ég gefst upp."
Finn smæð mína.
Hvísla,
"Vilji þinn er vilji minn."
Hrópa,
"Sýndu mér ásjónu þína,
svo ég fái skilið,
trúað á tilvist þína."

Mosahárið vefst um mig
og ég er mosi þinn,
mjúk og rök.
Ég sekk inn í þig,
þú sekkur inn í mig.
Við erum samlita.

Ásjóna þín
svo björt
að allt annað
missir skerpu sína.

Það er sem

skýin hlæi,

fjöllin brosi,

grasið glotti,

en hafið er myrkurt

og hljótt.

Ég dreg í mig loft

án súrefnis,

allir litir hverfa.

Á sama andartaki

brennist gat á

himnu himins

og allir litir alheims

þrýstast í meðvitund mína.



Til upphafsins

Í átt til kjarnans
drögumst við.

Þess á milli sogumst við
inn í ásköpuð lífsmynstur.

Þegar andartakið er ekki lengur
háð tíma og rými.
Rennur maður út úr hringnum
inn í spíralinn.

Alheimsauga

Óteljandi stjörnur
streyma um inniviði
Svartholgáttir opnast
Lifnar og deyr
útfrymishugsun
Óteljandi orkustraumar
–spinnast saman
verða eitt

Þræðir liggja
að djúpum
sálar

Vængsláttur

Hún strauk varlega
fiðurlausa vængina
vanhæfa til flugs

Reyndi að hreyfa þá
en skorti þrótt

Fikraði sig um hið ósýnilega búr
tilveru hugans

Rakst á vegg
risti sig til blóðs
Harðnandi skrápur
Hún bjó til fjaðrir úr
reynsluheimi sínum

Þær stærstu og fegurstu
–fjaðurþytur sársaukans

Hún dró andann djúpt,
spennti bakið,
reisti höfuðið
Búrið opið til himins
Rak slóðina upp eftir sólstöfum
Flaug á vængjum reynslunnar
á vit birtunnar



Orð

Húmið leggur sínar þykku hendur
um sjáöldur haustsins.

Léttofin ský,
úða nýfæddum ferskleika.
Hver alda sem skellur á ströndu,
tendrar líf, deyðir líf,
í eilífri hringiðu
margbrotinna andráa.

Allt hefur sig mót ljósinu,
ljósi því sem
hver sál túlkar fyrir sig.

Rís með tauma fæðingar
í kringum hvít augun.
Rís upp og flæðir inn í þig.

Frá vörum þínum
brenna orð.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

<http://birgitta.blog.is>

<http://this.is/birgitta> - Womb of Creation

<http://kameljon.blogspot.com> - Kameljónið

<http://this.is/poems> - Beyond Borders

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer

